

AUGLÝSING**38**

21. febr.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 12 26. jan. 1953.

Stafliður A í fyrsta kafla gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 2.40 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur, kr. 1.00 á fermetra á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h., kr. 0.50 á fermetra á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. febrúar 1956.***Steingrímur Steinþórsson.***Þorv. K. Þorsteinsson.***REGLUGERÐ****39**

19. marz

um heimilishjálp á Akranesi.**1. gr.**

Framfærslunefnd Akraneskaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar á Akranesi í umboði bæjarstjórnarinnar og undir yfirstjórn bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks, eina konu til heimilishjálpar. Nefndinni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Bæjarsjóður Akraness ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

13

39

19. marz

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálpi að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum framfærslunefndar.

5. gr.

6. gr.

Fyrir heimilishjálpi skal greitt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum framfærslunefndar og ráðherra staðfestir. Bæjarstjórn setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni, og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Akraneskaupstaðar.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr rikissjóði en $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði Akraness.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

40

22. marz

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.30 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 10.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 55 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 8.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 4.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.